



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 15. mars 2021  
ÞON21030005

Til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs  
Ráðhúsi Reykjavíkur

***Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um Mælaborð þjónustuvers - R21020222***

Vísað er til bréfs, dagsett þann 2. mars 2021, þar sem óskað er eftir svari þjónustu- og nýsköpunarsviðs (ÞON) við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um mælaborð þjónustuvers og hugmyndavinnu.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri



Reykjavík, 15. mars 2021  
PON21030005

## Svar

**Viðtakandi:** mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð  
**Sendandi:** Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

---

### *Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um Mælaborð þjónustuvers - R21020222*

Þann 25. febrúar 2021 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði:

*Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um mælaborð þjónustuvers. Hvort ekki sé hægt að sameina eitthvað af þessum skrifstofum undir þessu sviði t.d. skrifstofa þjónustuhönnunar og skrifstofa gagnþjónustunnar og Stafræn Reykjavík, á þetta ekki allt heima undir Upplýsingatækniskrifstofu? Ekki er beint séð að það þurfi skrifstofu undir þjónustuhönnun? Með sameiningu væri mikill sparnaður og hagræðing. Spurt er einnig hvort engin hugmyndavinna hafi verið í gangi síðustu árin? En hafi verið hugmyndavinna, skilaði hún þá litlu eða engu? Loks er spurt hvort verið sé að setja svona mikið fjármagn í svipaða þætti hjá öðrum fyrirtækjum t.d. hjá einkafyrirtækjum? Óskað er eftir að svar berist innan 21. dags.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 2. mars 2021.

### **Svar:**

*Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um mælaborð þjónustuvers. Hvort ekki sé hægt að sameina eitthvað af þessum skrifstofum undir þessu sviði t.d. skrifstofa þjónustuhönnunar og skrifstofa gagnþjónustunnar og Stafræn Reykjavík, á þetta ekki allt heima undir Upplýsingatækniskrifstofu? Ekki er beint séð að það þurfi skrifstofu undir þjónustuhönnun? Með sameiningu væri mikill sparnaður og hagræðing.*

Svar: Skipulag og starfsemi Þjónustu- og nýsköpunarsviðs og allra undireininga sviðsins er í stöðugri endurskoðun og eru verkefni og umsjón þeirra gjarnan færð til að ná fram sem bestri skilvirkni og hagkvæmni við framkvæmd þeirra verkefna sem sviðinu eru falin.

*Spurt er einnig hvort engin hugmyndavinna hafi verið í gangi síðustu árin? En hafi verið hugmyndavinna, skilaði hún þá litlu eða engu?*

Svar: Vel skilgreind hugmyndavinna hefur verið og er stöðugt í gangi og hún hefur vissulega skilað árangri.

*Loks er spurt hvort verið sé að setja svona mikið fjármagn í svipaða þætti hjá öðrum fyrirtækjum t.d. hjá einkafyrirtækjum?*

Svar: Án þess að þekkja rekstur annarra fyrirtækja í þaula þá er það þannig að stafræn umbreyting og hagnýting tæknilausna til bæta þjónustu og auka skilvirkni er stærsta verkefni allra þjónustufyrirtækja og stofnana um þessar mundir.

Virðingarfyllst,



Óskar J. Sandholt